# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 28

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Brf. 14/8 og 18/8 '09

By. 15

Hjálagt leyfi jeg mjer að senda yður tvöföld eintök af uppdrætti af verksmiðjuhúsi gasstöðvarinnar ásamt grunni undir gasgeyminum.

Uppdrættirnir samsvara að öllu leyti því sem talað hefur verið um við gasnefndina og sjerfræðinginn Hr. Krabbe.

Vænti jeg þess að nefndin samþykki framkvæmd byggingarinnar.

Virðingarfyllst

Byggingarstjóri gasstöðvarinnar

[signature]

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 475/1909 By. 15

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Almennir skilmálar.

Alt það sem unnið er og af hendi látið skal vera í nánu samræmi við þá almennu skilmála lýsingar og uppdrætti, sem fram voru lagðir um leið og verkið var boðið út.

Sá sem tekur að sjer að vinna eitthvað eða láta eitthvað af hendi, skal framkvæma alt það sem eftir venjulegum kröfum útheimtist til þess að verkið eða það sem látið er, verði talið fullkomið, og að öðru leyti alt það sem krafist er í hinum framlögðu skjölum. Sá sem aðeins vinnur eða lætur í tje hluta af öllu verkinu, verður að gæta þess, að sjerhver hluti svari að öllu leyti til heildarinnar og sje í nákvæmu samræmi við hana; alt það er hann tekur að sjer skal hann fullgera með hliðsjón af öðrum hlutum; til þess er hann skal vinna eða láta í tje telst alt það sem vinna þarf í hans iðngrein til þess að verkið í heild sinni sje fullgert

Verktakandi skal inna af hendi alt efni og alla aukavinnu, sem ekki er skýlaust undantekið í hinum framlögðu skjölum.

Verktakandi skal viðurkenna bæinn Reykjavík sem verkeiganda og byggingarstjórn gasstöðvarinnar sem byggingarstjórn.

Alt það sem unnið er og af hendi látið skal vera laglegt og að öllu leyti traust, úr því efni er talist getur góð verzlunarvara, að svo miklu leyti sem annað er eigi ótvírætt sjerstaklega áskilið.

B. Rvk. 475
1909 17.15

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sje þess krafist, skal verktakandi færa áreiðanlegar sönnur á, hvaðan efnið sje komið.

Byggingarstjórnin skal á hvaða tíma sem er hafa frjálsan aðgang að vinnustöðunum og verkstæðum, og getur krafist allra þeirra upplýsinga, sem hún þarf til að geta dæmt um verkið.

Byggingarstjórnin dæmir um verkið, er því er lokið, og verði það eða nokkur hluti þess talið ófullnægjandi, skal því tafarlaust breytt, og annað verk, er fullnægi hinum settu skilyrðum, gert á þess stað.

Verktakandi skal fara nákvæmlega eftir þeim tilvísunum byggingarstjórnarinnar er miða að hagfeldri framkvæmd verksins.

Eftir að tilboð er afhent verður eigi tekið tillit til misgánings eða misskilnings á uppdráttunum og lýsingunni. Sje ósamkvæmni milli uppdráttanna, lýsingarinnar o.s. frv., má krefjast þess að verkið verði framkvæmt á þann hátt sem hagfeldast er fyrir fyrirtækið.

Verkeiganda er heimilt að krefjast breytinga á verkinu, bæði að því er snertir stærð þess og á hvern hátt það skuli gert; verði af þeirri ástæðu ákveðið að lækka borgun verktakanda, skal það tilkynt honum skriflega.

Álíti verktakandi að hann hafi rjett til aukaborgunar eða framlengingar á frestinum, skal hann tafarlaust tilkynna það byggingarstjórninni. Ekki má byrja á neinu aukaverki án skriflegs samnings, nema því sje þannig háttað að ótækt væri að bíða eftir hinum skriflega samningi.

Byggingarstjórnin afmarkar hinar ákveðnu aðallínur og aðal hæðamál, en allar aðrar afmarkanir sjer verktak-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

andi inn á eigin ábyrgð.

Alt það verk sem verktakandi hefur lokið stendur fyrir hans reykningi og á hans ábyrgð. og skal hann skyldur að halda við því sem lokið er, þangað til afhending als verksins hefir farið fram.

Verktakandi ber alt það tjón er hljótast kann af óhöppum, og ábyrgist að öllu leyti styrkleika og þol smíðapalla og áhalda þeirra er hann notar.

Tímatakmörkin eru tiltekin í hinum sjerstöku skilmálum; svo mikið vinnulið skal haft við verkið að líkindi sjeu til að því verði lokið á hinum ákveðna fresti.

Frestirnir verða framlengdir, ef

a) krafist er viðauka við verkið eða breytinga á því, er mundu auka það.

b) skip, sem hefur innanborðs efni er brúka á til fyrirtækisins, ferst á leiðinni.

Verktakandi skal tafarlaust tilkynna byggingarstjórninni, ef hann einhverra þessara orsaka vegna álítur sig eiga heimtinga á því að frestirnir verði framlengdir.

Verktakandi getur fengið vikulega borgun fyrir alt að 2/3 af því verki sem lokið er. Þegar afhending verksins hefir farið fram og byggingarstjórnin hefir talið það fullnægjandi, verður það sem eftir er af hinni umsömdu upphæð borgað.

Rísi ágreiningur milli byggingarstjórnarinnar og verktakanda, skal hann leggjast undir úrskurð gjörðardóms. Skal úrskurður, sá er meiri hluti dómsins kveður upp, vera bindandi fyrir báða málsaðila. Verði jöfn atkvæði í dómnum,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sker oddamaður úr.

Tilboðin skulu vera skrifleg og sendist í lokuðum umslögum með utanáskriftinni: „Tilboð um bygging verksmiðjuhússins" 1. hluti, 2. hluti eða 3. hluti" – til byggingarstjórnar gasstöðvarinnar (skrifstofa í húsi P. Brynjólfssonar Hverfisg.) eigi síðar en mánudag þ. ~~26~~ 23. þ.m kl. 9 f.h. Tilboð er koma eftir þann tíma eða eru ófullkomin að einhverju leyti koma eigi til greina. Öll umslög verða opnuð kl. 10 f.h. þenna sama dag á skrifstofu borgarstjóra, og er öllum tilbjóðendum heimilt að vera viðstaddir.

Sendi margir sama tilboð, bindur það þá einn fyrir alla og alla fyrir einn, en verði þess krafist, skulu þeir velja einn úr hópnum til að standa fyrir hinum.

Verkeigandi getur valið eitt af þeim tilboðum er fram koma, eða hafnað öllum, ef honum sýnist svo.

Tilbjóðendur eru skyldir að standa við tilboð sín til 27 þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Lýsing og sjerstakir skilmálar um bygginguna húsa o.fl. fyrir gasstöð Reykjavíkur.

## I. Múrsmíði.

Alla múrveggi og gólf skal gjöra úr steinsteypu 1:4:8, þ.e. 1 hluta cements, 4 hl. sands, sem sje vel snarpur og hreinþveginn og 8 hl. mulnings (smátt slegnum steinum með skörpum brúnum og ekki stærri en 1-1½ þuml. að þvermáli). Alt cement skal kaupa hjá byggingarstjórn gasstöðvarinnar, helminginn í pokum og helminginn í tunnum. Verðið er úr húsi h/f Völundar.

Kr. 6,70 fyrir 1/1 tunnu (180 kg. brutto)
" 6,45 " 2/2 poka (170 kg. brutto)

og verða endurgreiddir 20 aurar fyrir hvern ógallaðan poka, sem skilað er aftur til h/f. Völundar.

### a. Undirstöður og sökkull húsanna.

Byggingarstjórnin lætur sjálf framkvæma allan gröft fyrir húsunum og er það verk svo langt á veg komið, að greinilega má sjá jarðlagið, sem byggt verður á. Samkvæmt uppdráttunum skal gjöra undirstöðuveggina nægilega mikið breiðari að neðan og byggja þá á sljettan fastan botn. Hinn sýnilega sökkul ofanjarðar skal gjöra úr höggnum grásteini sem „kyklópmúr" og fúga milli steinanna með cementi 1:2. Ofan á alla undirstöðuveggi skal bera fyllilega þjett lag af sjóðandi asfalti (goudron). Á sama hátt skal og asfalta alla kjallaraveggi að utan.

### b. Múrveggir.

Veggir ofnhýsisins og áhaldahýsisins, svo og ytri útvegg miðbyggingarinnar skal gjöra úr steinsteypu samkv. uppdrætti. Veggir slökkviturnsins ganga að sjer að ofan, en efst úr strýtunni liggur 12" víð leirpípa gegnum útvegginn. Við hliðina á slökkviturninum skal gjöra vatnsker úr steinsteypu er rúmi 1 teningsmeter.

Báða tjebindingsveggina í úra- og stillistofunni (Maalerum) skal reyrleggja og alla veggi og loft í þessari stofu skal vel sljetta með kalki (kalkpússun)

B. Rok. 475/1909 Bx. 15

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alla gesimsa, gaflgesimsa, gluggaboga, gluggagesimsa og sökkulbönd skal gjöra eftir nákvæmum uppdráttum á 28. blaði. Utan skal sljetta alla múrveggi með ~~kalki~~ cementi 1:2 og hvítta svo vel með kalki, að þeir verði mjallahvítir. Innan skal sljetta alla múrveggi með kalki og hvítta þá eins og utan.

## c. Gólf, stigar, reykháfur o. fl.

Í öllum byggingunum er steinsteypugólf 5 þuml þykk með 1 þuml. þykku slitlagi (pússlagi) úr cementi 1:1. Gólfin skal gjöra ofan á púkk, snarpan sand eða möl. Þó skal gólfið í regenerationshúsinu uppi yfir tjöru- og ammoniakgryfjunni vera úr steypu með járni (Jernbeton) samkvæmt uppdrætti, er síðar verður gjörður.

Loftrásarpípurnar í sökli regenerationshússins eru 6 þuml. víðar leirpípur. Að innan skulu vera hreyfanlegir ventilar í þeim, en að utan smáriðið galv. járnnet.

Allar útitröppur skal gjöra úr höggnum grásteini og lagðar í sterkt sement ofan á undirstöðuveggina eða 1 meter þykkt púkklag.

Innitröppurnar ~~skal gjöra úr~~ bak við ofnana skal gjöra úr steinsteypu með sterku slitlagi úr cementi (1:1)

Reykháfinn uppi yfir smiðjuaflinum í smiðastofunni skal gjöra úr „Steinarsteini" sljetta hann utan með cementi og hvítta með kalki eins og múrveggina. Innan skal sljetta reykháfinn eins og venja er til. Reykpípuna frá hitunarkatlinum skal sameina við reykháfinn

Reykháfarnir 3 uppi yfir ofnunum eru verki þessu óviðkomandi.

Byggingarstjórnin leggur til smiðajárnsgluggarammana, en verktakandi kemur þeim fyrir á rjettan ~~stað~~ hátt.

## d. Undirstaðan undir gasgeyminum.

Undirstaðan undir gasgeyminum er hringmyndaður steinsteypuveggur, fylltur innan með snörpum sandi eða möl alla leið frá föstum botni. Undirstöðuna undir uppihitunarhúsið og múrverkið kringum aðfærslu og frá færslupípurnar skal gjöra á sama hátt og undirstöðuveggi húsanna.

Ofan á múrveggina skal bera þjett asfaltlag eins og á húsveggina, og auk þess skal þekja þá með [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3 T járn N.P. 20, hvert 4 álnir að lengd liggja yfir pípnagöngin. Byggingarstjórnin leggur þau til, en verktakandi kemur þeim fyrir.

e. Undirstöður fyrir ofna og áhöld.

Þær skal gjöra úr steinsteypu eins og síðar verður tiltekið af byggingarstjórninni. Stærð þeirra er samtals um 700 teningsfet. Í tilboði skal gefa upp einingarverð fyrir hvert teningsfet.

f. Tímatakmörk

Byrja skal þegar í stað á verkinu. Það sem talið er undir staflið I. a. og d. skal vera fullgjört 16 dögum eftir að samningar eru gjörðir. Það sem talið er undir staflið b. nema pússing skal fullgjört 40 dögum, en alt múrsmíði 70 dögum eftir að samningar eru gjörðir. Sé verkið ekki fullgjört á rjettum tíma verður dregin ½% frá byggingarreikningnum fyrir hverja viku, eða part úr viku, sem það dregst (sbr. almenna skilmála).

g. Tilboð.

„1. hluti" í tilboði um bygginguna húsa o.fl. fyrir gasstöð Reykjavíkur á að ná yfir alt múrsmíði, sem lýst er undir staflið I a-c svo og yfir múrverk kringum pípur, sem liggja gegnum múr, múrverk kringum bjálka, bita o.þ.h. sem útheimtist við bygginguna heildarinnar.

Sjerstakt tilboð skal gjöra í það verk, sem talið er undir staflið I d. og einingarverð tiltekið fyrir I e.

II. Trjesmíði o. fl.

a. Kolahúsið.

Veggirnir er úr 6"×6" binding, sem festa skal traustlega við útvegg ofnhýsisins með múrkökum. Þaksásar og stoðir er 6×6", kúbönd 5×6", tengur 2½"×6" og sperrur 5"×5". Utan á grindina koma listar 1½"×5" og þar utan á galvaniserað bárujárn № 24 bæði á veggjum og þaki og skal það neglt með galv. saum. Gesimsborð og vindskeiðar skulu vera 1¼" á þykkt.

Innan skal þilja alla veggi með 1½" þykkum kantsettum borðum og skulu þiljur ná 3'0 18" upp frá sökli. Milli berandi stoða skal og þilja með sama hætti.

Salernið, sem sýnt er á uppdráttinum skal alþilja með tvöföldum 1¼" plægðum borðum; loft í því skal og gjöra úr sama við.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Venjulegur kaggi og seta skal fylgja.

## b. Opnhýsið.

Þakið alt hvílir á 3 aðalsperrum úr járni, sem byggingarstjórnin leggur til, en verktakandi kemur fyrir. Þakásar eru 7"×8", sperrur 5"×6" með nauðsynlegum vexlum fyrir reykháfa. Utan á sperrur koma listar 1½×5 og síðan galv. bárujárn №. 24, sem sje neglt með galv. saum. Vindskeiðar og mænisborð eru 1¼" á þykkt.

Loftráesarstrompurinn er gjörður úr binding. Stoðir, sylla og bitar 5"×5", undirstokkar 6"×5" og sperrur 4"×5". Utan á 1¼"×5" listar. Á þaki skal vera galv. bárujárn №. 24, en á göflum þil ur 1¼" borðum sumpart skarsettum, sumpart lóðrjettum. Vindskeiðar, gesims- og mænis-borð 1¼" á þykkt.

## c. Miðbyggingin.

Grind í útveggjum mót norðri skal vera úr 5"×5", í skilrúmum úr 4"×4". Bitar skulu vera 7×10", sperrur, skambitar og mænisás 4"×5", dregarastoðir 5"×5" og mársylla á steypuveggjum 4"×4". Mænisborð og gesimsborð 1¼".

Utan á sperrur koma 1¼"×5" listar og svo galv. bárujárn №. 24. Útveggjum mót norðri skal þylja utan og ganga frá honum eins og mælt er fyrir í 8. og 9. málsgrein í 18 gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur.

Verkmannastofu, smíðastofu og geymslustofu skal þilja innan með panel. Skilrúm við baðherbergi og klefana til að afklæðast í skulu vera úr 2ⁿ 5/4" þiljum. Í baðherberginu skal klæða veggina með galv. járnplötum, 3 álna háum frá gólfi. Báða þjárveggina og loftið í úra- og stillistofunni skal þilja borðum (undir kalkpússinga).

Í smíðastófunni skulu vera 2 þakgluggar eins og sýnt er á uppdrættinum. Skal búa vandlega um þá í þakinu með galv. járnplötum. Í rúðunum skal vera tvöfalt gler og gluggarnir svo útbúnir að opna megi þá að nokkru eða öllu leyti.

## d. Aðaldahús.

Aðalsperrur eru 7"×7", mænisás 8"×8" og brúnás 6"×6", sperrur 5"×6", listar 1½×5", vindskeiðar og mæniborð 1¼" þakið með galv. bárujárni №. 24. Loftráesarstrompinn skal gjöra með sama hætti og á opnhúsinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## e. Regenerationshús.

Grind í því 5"×5", ásar 7"×8", dregari 8"×8", sperrur 4"×5", listar 1¼"×5" vindskeiðar og gesimsborð 1¼". Utan á veggi og þak galv. bárujárn № 24.

## f. Pípnagöng hjá gasgeymi.

Göngin kringum aðfærslu- og fráfærslu-pípur gasgeymisins skal þekja með bárujárni № 24 á 2" plönkum ofan á bita 4"×4". Þetta dekk skal svo gjört að opna megi þ: eins og hurð.

**g. Hurða- og gluggajárn** skulu vera úr sænsu smíðajárni, og gerðin fullnægja kröfum byggingarstjórnarinnar. Alt járn skal bika heitt.

## h. Trjególf.

Uppi yfir pípnagöngunum í úra- og gegnsluslustofunni og í áhaldahúsinu milli áhaldanna (c. hálfur gólfflöturinn) skal gjöra laust flekagólf úr 1½"×4" plönkum með 1" millibili. Flekarnir liggja á grind úr 4"×4" bitum og skal hver um sig vera c. 4 ferálnir að stærð.

## i. Hurðir, gluggar o. fl.

Okahurðir í kolahúsi skulu vera úr 1½" borðum með sterkum lömum og járnslám.

Rennihurðir milli kolahúss og ofnhúss skulu vera 2" okahurðir með rennijárnum, hjólum, innmúruðum járnteinum að ofan og stýrijárnum að neðan, svo og traustri læsingu. Útihurðir í ofnhúsi skulu vera 2", kilstöðs" hurðir í 2½" karmi með sterkum lömum og læsingum. Allar aðrar hurðir skulu vera úr 1½" rammstykkjum og 1" spjöldum í 2" körmum.

Allir gluggar, nema smíðajárnsgluggarnir í ofnhúsi og áhaldahúsi, skulu svo gjörðir að karmar sje 2", rammar 1½"×2" og sprossar 1". Alt gler skal vera tvöfalt.

„Jalousie" rammarnir í loftrásarstrompunum skulu vera úr 1½"×5" plönkum. „Jalousie" borðin skulu vera 1½" þykk og liggja í römmunum á galv. járntöppum og þannig sameinaðir hver öðrum með galv. smíðajárnsstöng, að opna megi þau og loka í einu.

## k. Bjátursmíði.

Allar þakrennur eru úr galv. plötujárni 6×4 og liggja á rennujárnum 1×1¼" með 1 álnar millibili. Veggpípur skulu vera

B. Rek. 4/1 1909 By. 15

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5" viðar úr galv. plötujárni og festar á hverjum 2 álnum með tvískiptum böndum.

## l. Tímafrestur.

Á verkstaðisvinnu skal byrja undireins og samningar eru gjörðir. Á kolahúsinu (a) má byrja 16 dögum eftir að samningar eru gjörðir og 12 dögum síðar skal það vera fokhelt ef nægilegt bárujárn fæst hjer á staðnum; en að öðrum kosti skal útvega járnið svo fljótt sem unt er. Ofnahús og áhaldahús skulu vera komin undir þak 56 dögum eftir að samningar eru gjörðir og eptir 63 daga skal búið að láta hurðir og glugga (með gleri) í öll húsin, svo óhindrað megi komast að því að koma fyrir áhöldunum. 84 dögum eftir að samningar eru gjörðir skal alt verkið vera búið. Lenging tímans getur aðeins farið fram samkvæmt ákveðnum skilmálum. Efni sem ekki fæst hjer, skal þegar í stað panta. Verði verkið ekki fullgjört á rjettum tíma, verður dregin ½ % frá borguninni fyrir hverja viku eða part úr viku, sem framyfir líður. Verði einhver partur verksins ekki tilbúinn á rjettum tíma verður dregin frá borguninni svo mikill partur af ½ % sem rjett lítst að áliti byggingarstjórnarinnar.

## m. Tilboð.

„2. hluti" í tilboði um byggingu húsa fyrir gasstöð Reykjavíkur á að fela í sjer alt trjesmíði, sem nauðsynlegt er til að fullgjöra bygginga hinna einstöku parta húsanna, sem lýst hefur verið, enda þótt það sje ekki sjerstaklega nefnt.

# III. Málun.

## a. Lýsing verksins.

Alt bárujárn utanhúss skal mála tvisvar. Loftrásarstrompa, vindskeiðar og gesimsa skal mála ýmislega lita. Alt trje, sem talið er undir lit II i skal grunna og mála þrisvar. Þak í ofnhúsi og áhaldahúsi skal mála tvisvar að innan. Veggi og lopt í aðalbyggingunni skal mála og í úra- og stillistofunni skal sparsla veggina og mála með ýmsum litum. [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7.

fernisera. Alt járn ógalv., svo sem aðalsperrur, þakgluggar o. þ. h. skal menjubera áður en málað er.

b. Tímafrestur.

Hvern part verksins skal vinna þegar byggingarstjórnin segir til þess, jafnskjótt og vinnir ýmsu partar bygginganna eru fullgjörðir og leiða til lykta svo fljótt sem unt er.

c. Tilboð.

„3. hluti“ í tilboði um bygginga húsa fyrir gasstöð Reykjavíkur á að fela í sjer alla málun á byggingum þeim, sem byggð verða samkv. 1. og 2. hluta tilboðsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar sem við undirskrifaðir, óskum eftir, að breita hinu innra fyrirkomu-lagi — herbergja skipun og inngangi — í hús-eigninni № 12 A. hjer í bænum, leyfum við okkur hjermeð, að biðja hina heiðruðu bygginganefnd Reykjavíkur kaupstaðar, að koma saman í tjeðri húseign, næsta fundardag; til þess þar og þá að ákveða leyfi til þess.

Reykjavík 10 ágúst 1909

Jóhannes Hendal

Hannes Jónsson
úrsmiður

Til Bygginganemdar Reykjavíkur kaupstaðar

B. Rek. $\frac{474}{1909}$ Bg. 15

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS

REYKJAVÍK – ÍSLAND

Reykjavík, 12. ágúst 1909.

Sláturfjelag Suðurlands sækir um leyfi hinnar háttvirtu byggingarnefndar Reykjavíkur-kaupstaðar, að mega breita 2 loftopum í glugga á vesturhlið sláturhússins, og færa þá niður um rúma alin. – Ennfremur að mega setja hurðir, sem opna má, í stað 4. loftopa á austur og vesturhlið sama húss.

Svar umbiðst hið fyrsta.

Virðingarfyllst

pp. SLÁTURFJELAG SUÐURLANDS.

H. Thorarensen.

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

B. Rvk. 473/1909 17/8. 13

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til hinnar heiðruðu byggingarnefndar
í Reykjavík.

Hjermeð leyfum vjer oss að fara þess á leit við hina heiðruðu byggingarnefnd í Reykjavík, að henni mætti þóknast, að veita oss leyfi til að breyta gangi þeim, sem er á milli hins nýja og hins gamla skóla í Landakoti, þannig að nefndur gangur megi vera einni alin breiðari en áður var ákvarðað.
Ennfremur óskum vjer að fá leyfi til að mega byggja salerni áfast við hinn gamla skóla og að dyr megi leggja inn í það úr fyrirnefndum gangi.

Virðingarfyllst

J. Servaes

Reykjavík, 3 Ág. 09.

B. Rvk. 472/1909 By. 15

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi ég undirritaður mér, að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur-bæjar um leyfi til þess að „innrétta“ húsið „Exeter“ niðri til íbúðar eptir meðfylgjandi „uppdrætti“.

Reykjavík 13/8. '09.

Virðingarfylst.

Jul. Schau

B. Rok. 471/1909 B. I. 15

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirskrifaður óska hér með, að hin háttvirta byggingarnefnd Reykjavíkur, gefi samþykki sitt til þess að, að ég megi setja gluggakvist með skúrþak halla. á bakhlið hússmíns. á Grundarstíg No 7

Virðingarfylst

Reykjavík 5 Ágúst 1909

Högni Finnsson

Til byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. $\frac{470}{1909}$ B.T. 15

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndar Rvíkur
## 14. ágúst '09

Ár 1909, laugardaginn 14. ágúst átti bygginganefnd fund með sjer og fór það þannig fram:

1. Slátursfjel. Suðurlands leyft að breyta tveimur loptopum á vesturhlið sláturhússins í glugga og færa þá niður um 1 alin.
2. Borgarstjóra falið að svara brjefi stjórnarráðsins viðvíkjandi hesthússbyggingu franska vicekonsúlsins Brillouin.
3. Kaþólska trúboðinu í Landakoti leyft að breikka gang um eina alin milli gamla og nýja skólans og að gera salerni við ganginn og innangengt í það.-
4. Beiðni Einars Leifssonar um fiskverkunarlóð o.s.frv., er vísað hafði verið til hafnarnefndar 26. júní síðastl. (nr. 8), var aptur lögð fyrir bygginganefnd og leyfisins synjað.-
5. Beiðni Jóhannesar Nordals og Helga Hannessonar um leyfi til að gera ýmsar breytingar innanhúss í Bankastr. 12 a frestað.
6. Jul. Schou steinsmið leyft að stúka húsið. ~~[illegible]~~ niðri til íbúðar eptir sendum uppdrætti.
7. Högna Finnssyni leyft að gera kvistglugga á bakhlið húss hans Grundarstíg nr. 4.

Fleira ekki um fjallað

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kr. Zimsen. Jón Jensson Rögnv. Ólafsson

Sig. Thoroddsen Sveinn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

af fundargjörð byggingarnefndar Rvíkur 14. ágúst '09

Ár 1909, laugardaginn 14. ágúst átti byggingarnefnd fund með sjer og fór það þannig fram:

1. Sláturfjel. Suðurlands leyft að breyta tveim loptopum á vesturhlið sláturhússins í glugga og færa þá niður um 1 alin.
2. Borgarstjóra falið að svara brjefi stjórnarráðsins viðvíkjandi hesthússbyggingu franska vicekonsúlsins Brillouin.
3. Kaþólska trúboðinu í Landakoti leyft að breikka gang um eina alin milli gamla og nýja skólans þar og að gera salerni við ganginn og innangengt í það. –
4. Beiðni Einars Leifssonar um fiskverkunarlóð o. s. frv., er vísað hafði verið til hafnarnefndar 26. júní síðastl. (nr. 8), var aptur lögð fyrir byggingarnefnd og leyfisins synjað. –
5. Beiðni Jóhannesar Nordals og Helga Hannessonar um leyfi til að gera ýmsar breytingar innanhúss í Bankastr. 12 a frestað.
6. Jul. Schou steinsmið leyft að stúka húsið [illegible] niðri til íbúðar eptir sendum uppdrætti.
7. Högna Finnss. [illegible] leyft að gera kvistglugga á bakhlið húss hans Grundarstíg nr. 8.

Fleira ekki var fjallað

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson

Fundi slitið

Páll Einarsson

K. Zimsen, Jón Jensson, Rögnv. Ólafsson

Sig. Thoroddsen, Sveinn Jónsson

Koma upp fiskverkunarplássi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur